



Ingunn Rut Sigurðardóttir og **Zaza Simonishvili** voru valin **Judomenn JR 2020**. Á Reykjavík Judo Open 2020 (RIG) sem er opið alþjóðlegt mót unnu þau bæði til gullverðlauna er þau sigruðu andstæðinga sína örugglega. Ingunn sem alla jafnan keppir í -70 kg keppti nú í -78 kg flokki og vann allar sínar glímur á ippon. Á uppskeruhátíð JSÍ var Ingunn kjörin Judokona ársins 2020 og er það í annað skiptið sem hún hlýtur þann titil. Á RIG vann Zaza einnig allar sínar glímur á ippon í -73 kg flokki en úrslitaglíma hans var líklega einna mest spennandi að fylgjast með en hún hafði verið mjög jöfn en Zaza var þó undir þegar lítið var eftir af glímútímanum. Það var ekki fyrr en á síðustu mínútu að Zaza sigraði er hann náði glæsilegu kasti og skoraði ippon við mikinn fögnuð áhorfenda. Í veislu sem haldin var í Laugardalshöll að loknu móti voru þau Ingunn Rut og Zaza valin judomenn RIG og fengu viðurkenningu fyrir árangurinn.

Helsti árangur 2020

Ingunn Rut Sigurðardóttir

Reykjavík Intl. games -78kg 1. sæti

Zaza Simonishvili

Reykjavík Intl. games -73kg 1. sæti